

Stígakerfi Akureyrar

Innkomar umsagnir og athugasemdir

Breyting í greinargerð

Breyting á uppdráttum

Umsagnir

Nafn	Umsögn	Svar við umsögn
Landsnet	<ol style="list-style-type: none">Landsnet bendir á að háspennulínur liggja frá tengivirkinu á Rangárvöllum. Hluti stígakerfis Akureyrar liggir innan helgunarsvæði línanna.Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við Hólasandslínu ljúki í lok árs 2021 og verður þá farið í niðurrif Laxárlínu.<ol style="list-style-type: none">Mikilvægt er að uppbygging stíga taki mið af legu línunnar og einnig að uppbygging í nálægð Laxárlínu taki mið af því að hægt verði að ráðast í niðurrif án vandkvæða.	<ol style="list-style-type: none">Áður en ráðist er í stígagerð innan helgunarsvæða háspennulína eða öryggissvæða jarðstrengja mun Akureyrarbær vinna áhættugreiningu og leita umsagnar hjá Landsneti áður en framkvæmdir hefjast.Landsnet verður upplýst um skipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir við spennuhafa háspennulína og sérstök aðgát verður höfð við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og öryggisfjarlægðir virtar.
Frístundaráð	Frístundaráð gerir ekki athugasemd við skipulagið en fangar því að komið sé heildarskipulag fyrir stígakerfi bæjarins.	Þakkað er fyrir umsögn frístundaráðs
Minjastofnun	<ol style="list-style-type: none">Fornleifaskráning sem hefur farið fram innan Akureyrar uppfyllir ekki staðla um skráningu menningarminjar.Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda skal skráning fara fram á vettvangi.Í fyrri umsögn var tekið fram að samkvæmt aðalskipulagbreytingunni	<ol style="list-style-type: none">Minjastofnun er þakkað fyrir að vekja athygli á þeim lögum sem fjalla um menningarminjar, skipulag og framkvæmdir. Í greinargerð skipulagsins verður gerð betri grein fyrir þessum atriðum. Breyting á greinargerð bls. 7 Texta settur inn „Áður en gefin verða út framkvæmdaleyfi til

	<p>er sýnd reiðleið nálægt Dómhringum sem eru einu friðlýstu fornleifar í landi Akureyrar og væri því betra ef reiðleiðin yrði færð eða vinna hönnun leiðar í samvinnu við Minjastofnun.</p>	<p>stígagerðar mun Akureyrarbær óska eftir umsögn frá Minjastofnun um skráningu fornleifa skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.“</p> <p>2. Í samræmi við athugasemd Minjastofnunar mun Akureyrarbær láta fara fram fornleifaskráningu skv. Lögum um menningarminjar nr. 80/2012 áður en gefin verða út framkvæmdaleyfi til stígagerðar.</p> <p>Sama breyting á greinargerð og við lið 1.</p> <p>3. Fyrirhuguð reiðleið verður færð í samráði við Minjastofnun þannig að ekki verði hætt á að minjarnar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir á reiðleiðinni.</p> <p>Breyting á greinargerð bls. 34 Texta settur inn „Rétt vestan við hesthúsasvæðið Hlíðarholt eru friðlýstar fornleifar, Dómhringir. Samráð skal haft við Minjastofnun um nákvæma staðsetningu á fyrirhugaðri tengileið þar nærri“</p>
Hörgársveit	<p>Bendir á að ekki er gert ráð fyrir tengingu við gönguleið meðfram Hlíðarvegi (veg nr. 818) auk þess sem ekki er gert ráð fyrir tenginu við reiðleið og gönguleið meðfram ströndinni við Brávelli í tillögunni. Huga skal að samræmi við samgöngukerfi við sveitarfélagsmörk.</p>	<p>Í skipulagsvinnunni var leitast við að tryggja góðar stígatengingar milli Akureyrarbæjar og nágrennasveitarfélaga. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir útivistarstíg fyrir neðan Krossanesborgir við Brávelli sem tengist gönguleið sem sýnd er á aðalskipulagi Hörgársveitar meðfram ströndinni. Hins vegar er ekki vilji hjá Akureyrarbæ til að byggja upp reiðstíga fyrir neðan fólkvanginn þar sem reiðstígar og hestahúsahverfi bæjarins eru</p>

		<p>staðsett á öðrum stöðum í bæjarlandinu.</p> <p>Skipulagið gerir ráð fyrir að reiðstígakerfi Akureyrarbæjar og Hörgársveitar tengist við sveitarfélagsmörkin við Hlíðarveg</p> <p>Í tillögunni er gert er ráð fyrir útivistarstíg rétt við Hlíðarveg en tekið er undir athugasemd Hörgársveitar um að sýna tengingu frá þeim stíg að sveitarfélagsmörkunum þar sem megin göngu- og/eða hjólaleið liggur innan marka Hörgársveitar skv. aðalskipulagi.</p> <p>Breyting á greinargerð bls. 30 Texta settur inn „(Leiðarkerfi megin útivistarstíga við Kjarnaskóg og Naustaborgir er þétt en stígarnir teygja sig einnig upp í Hlíðarfjalla, inn Glerárgil) og tengjast stígum nágrannasveitarfélaga“.</p> <p>Breyting er gerð á uppdráttum þannig að megin útivistarstígur er sýndur tengjast við sveitarfélagsmörk Akureyrarbæjar og Hörgársveitar við Hlíðarveg.</p>
Vegagerðin	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tvístefnuhjólástígar eru ekki æskilegir við inn og útkeyrslur, leiða þarf tvístefnustíga yfir götur með ljósastýringu, undirgöng eða brú. 2. Bæta mætti við gerð D sem sýni einstefnuhjólástíga beggja vegna götu. Bent er á fyrri umsögn varðandi öryggisatriði. 3. Mælt er með því að hafa stíga 2,5 m á breidd í stað 2,4 m eins og gert er ráð fyrir á Oddeyri. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Þakkað er fyrir góðar athugasemdir og tilvísanir í umferðaröryggi. Í greinargerð tillögunnar eru færð rök fyrir vali á tvístefnustígum í stað einstefnustíga á stofnleiðum. Eins og Vegagerðin bendir á í athugasemdum snýst öryggi hjólréiðafólks fyrst og fremst um að viðeigandi útfærslur verði gerðar við uppbyggingu á gatnamótum þar sem stígarnir fara yfir umferðargötur bifreiða.

	<ol style="list-style-type: none"> 4. Bent er á að á stígum ættu að vera skilti sem alltaf gilda þegar snjór er á yfirborði stíga sem hylur merkingar. 5. Hönnunarleiðbeiningar segja að stígar eigi að vera a.m.k. 2 m en talað er um stíga í B gerð sem eru 1,8 m. 6. Gert er athugasemd við að settar séu vegriffur á B stíga, þar getur safnast vatn snjór og hálka. 7. Á bls. 28 er fjallað um gróður milli götu og stíga. Huga þarf að því hvað er leyfilegt að hafa innan öryggissvæðis vegar. 8. Leggur til að farið verði eftir hönnunarleiðbeiningum vegna hæðar og fjarlægðar girðinga. 9. Bent er á kafla 7.1 í Hönnunarleiðbeiningum, erfitt er að framfylgja hámarksshraða á hjólastígum. 10. Telur að umfjöllun um tvístefnustíga ætti að vera hlutlausari og kostir einstefnustíga einnig vera settir fram. 	<p>Skipulagið setur fram þá framtíðarsýn að hjólreiðar í Akureyrarbæ verði raunhæfur kostur fyrir íbúa á öllum aldri. Þá þurfa stígarnir að mynda sitt eigið heildstætt samgöngukerfi sem byggt er upp með hagsmuni hjólreiðafólks að leiðarljósi en ekki sem viðhengi við bifreiðargötur þar sem aðstæður eru oft slæmar fyrir óvarða vegfarendur varðandi umferðaröryggi, skjól, hávaða og mengun. Þess má geta að stígaskipulagið gerir einnig ráð fyrir notkun einstefnustíga þar sem aðstæður kalla á slíkt en núverandi stígakerfi á Akureyri er byggt upp sem tvístefnustígar með blandaðri umferð.</p> <ol style="list-style-type: none"> 2. C gerð stofnstíga gerir ráð fyrir að hjólandi umferð verði aðskilin frá annarri umferð hvort sem um er að ræða einstefnu eða tvístefnu hjólastíga. Á bls. 55 eru myndir þar sem tvær ólíkar útfærslur á C gerð stofnstígs eru sýndar annars vegar með einstefnustígum og hins vegar með tvístefnustíg. 3. Í athugasemdinni er verið að vísa í rammaskiplag Oddeyrar sem fjallað er um á bls. 9 í greinargerðinni. Stígaskipulag Akureyrar gerir ráð fyrir 2,5 m breiðum stígum. 4. Tekið er undir athugasemd um að hafa skilti einnig við stíga sem sýna hvaða umferðarreglur gilda þegar
--	--	---

		<p>yfirborðsmerkingar fara undir snjó.</p> <p>Breyting á greinargerð bls. 56 Texta settur inn „Setja þarf inn skilti við stígana sem sýna hvaða umferðarreglur gilda.“</p> <p>5. Á bls. 22 í greinargerðinni segir um B gerð stofnstíga „Þessi gerð stíga getur verið örugg og hagkvæm í rekstri þar sem nægjanlegt svæði er til að byggja upp 4,5-6 metra breiðan stíg. Hér er gert ráð fyrir 2,5-3,5 metra breiðri hjólaleið og 2-2,5 m gönguleið. “Tekið er undir athugasemd um að breyta orðalagi við mynd 31.15.á bls. 26 í greinargerð varðandi tvístefnu hjólastíga og breidd gönguhluta B gerð stofnstígs. Á örðum stöðum í greinargerð skipulagsins verða gerðar samhljóða breytingar. Breyting á greinargerð bls. 26</p> <p>Var: „Gönguhluti B gerð stofnstíga skal vera a.m.k. 1,8-3m breiður. Hjólastígar skulu vera að a.m.k. 2,5-3,5m breiðir og með tvístefnu“</p> <p>Verður: „Gert er ráð fyrir að gönguhluti B gerð stofnstíga verði 2-2,5 m breiður. Tvístefnu hjólastígar þurfa að vera að 2,5-3,5 m breiðir og einstefnu hjólastígar 1,8-2,2 m breiðir“ Á bls. 28, samhljóða breyting gerð varðandi breidd gönguhluta.</p>
--	--	--

		<p>6. Tekið er tillit til athugasemdar Vegagerðarinnar varðandi hálkumyndun. Texti um vegrið er tekin út. Breyting á greinargerð bls. 22 og 26. Texti um vegrið tekin út 7.</p> <p>7. Akureyrarbær mun huga sérstaklega að þeim atriðum er snerta gróður og smærri mannvirki innan öryggissvæða vega.</p> <p>8. Tekið er tillit til athugasemdar Vegagerðarinnar og texta á bls. 29 breytt þannig: Breyting á greinargerð bls. 29 Var: „Girðing ætti að vera 0,5-1m ofar yfirborði stígs og eins lang frá honum og hægt er að koma við“. Verður: „Girðing ætti að vera að lágmarki 1,1m á hæð miðað við yfirborð stígs og eins langt frá honum og hægt er, að lágmarki 0,5m“.</p> <p>9. Í þeim hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar sem Vegagerðin vísar í er talað um 30 km/klst hámarkshraða fyrir stofn- og tengileiðir innan þéttbýlis og að hönnunarhraði sé aukin upp í 40 km/klst í brekkum þar sem er 5% halli. Þær aðstæður má finna víða á Akureyri. Undanfarin ár hefur mikil umræða átt sér stað um að hraði hjóla sé of mikill innan þéttbýlis og að hann skapi töluverða</p>
--	--	--

		<p>slyshættu og óþægindi fyrir þá sem fara hæggar yfir. Stígaskipulag Akureyrar gerir ráð fyrir að hámarkshraði á hjólastígum verði miðaður við 25 km/klst enda eiga stígarnir að vera öruggir fyrir íbúa á öllum aldri. Þeim sem kjósa að hjóla hraðar er ráðlagt á að nota götur fyrir almenna umferð og gæta þar fyllsta öryggis. Samkvæmt nýjum umferðarlögum má hjólréiðamaður t.a.m. hjóla á miðri akrein þar sem hámarkshraði er ekki meiri en 30 km/klst.</p> <p>10. Bæði kostir og gallar við einstefnu- og tvístefnustíga voru skoðaðir vel við skipulagsvinnuna. Á bls. 54 í greinargerð tillögunnar segir: „skiptar skoðanir eru á því hvort betra sé að byggja upp kerfi tvístefnustíga eða einstefnustíga en það fer að miklu leyti eftir umhverfi og aðstæðum á hverjum stað enda hafa kerfin mismunandi eiginleika“. Eftir samanburð þessara tveggja leiða var niðurstaða skipulagsins sú að miðað við almennar aðstæður á Akureyri þá séu kostir tvístefnustígana fleiri en einstefnustígana og gallarnir færri. Hafa ber í huga að hér er átt við stofnstíga bæjarins en hjólastígar í einstökum götum geta orðið einstefnustígar ef það þykir koma betur út varðandi umferðaröryggi eða af</p>
--	--	---

		<p>öðrum skipulagslegum ástæðum.</p> <p>Að öðru leiti er tekið undir athugasemd</p> <p>Vegagerðarinnar um að draga fram fleiri atriði varðandi kosti einstefnustíga og það verður gert á bls. 55 í greinargerð skipulagsins.</p> <p>Breyting á greinargerð bls. 55 Texta settur inn „Kostir Einstefnustíga</p> <p>-Hönnun einstefnustíga fylgir almennri umferð bifreiða, hönnun gatnamóta einfaldari</p> <p>-Stígarnir liggja beggja vegna götunnar og ekki þarf að huga eins mikið að öryggismálum við innkeyrslur eins og við tvístefnustíga“.</p>
Norðurorka	<ol style="list-style-type: none"> 1. Hita og vatnsveitulagnir eru á flestum stöðum undir núverandi stígum og óskar Norðurorka því eftir góðu samstarfi þegar farið verður í gerð nýrra stíga. 2. Sama á við um fráveitu. 3. Dreifikerfi rafveitu er á stærstum hluta lagt í gangstéttir og gönguleiðir. Því er jákvætt að svæði verði breiðari svo möguleiki verði á að hafa lagnaleiðir ódýrari. Ef tré eru meðfram göngustígum verða lagnaleiðir óaðgengilegar utan malbikaðra stíga. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. , 2. og 3. Norðurorku er þakkað fyrir athugasemdirnar og fagnað er ósk um gott samstarf við útfærslur á nýju stígakerfi.
Hjólreiðafélag Akureyrar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Óskað er eftir því að Akureyrarbær sé leiðandi í samstarfi við 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tekið er undir ábendinguna varðandi gott samstarf við nágrannasveitarfélög. Stígaskipulagið er m.a.

	<p>nágrannasveitarfélög og leggi áherslu á C stíga.</p> <p>2. Mikilvægt er þegar nota á A-B stíga að gróður eða annað byrgi ekki sýn og á stígum meðfram þjóðvegum mætti nota B-C stíga og þegar fjær dregur byggð gætu þeir breyst í A-B stíga.</p> <p>3. Rafknúnum reiðhjólum fjölgar ört og er mikilvægt að sú þróun sé endurspegluð í því að skilgreina fjallahjólástíga sérstaklega. Á bls. 12 í greinargerðinni er talað um útivistar og reiðstíga og rökstyður það að skilgreina fjallahjólaleiðir sérstaklega.</p> <p>4. Á bls. 11 í greinargerð segir að umferðarlög miði af því að koma vegfarendum á öruggan hátt frá einum stað til annars og eigi samgönguhjólreiðar að vera raunhæfur kostur er mikilvægt að leiðir séu greiðfærar og hægt sé að halda uppi raunhæfum meðalhraða. Einnig þarf að leggja áherslu á snjómokstur.</p>	<p>byggt á aðalskipulagi þeirra og stefnu í stígamállum. Gert er ráð fyrir sterkri tengingu við þau með vel uppbyggðum stofnstígum. Eftir auglýsingu tillögunnar og í samræmi við athugasemd frá Hörgársveit, sjá hér að ofan, er gerð sú breyting á skipulagsuppdrætti að gert er ráð fyrir stígatengingu frá útivistarstíg við Hliðarveg að sveitarfélagsmörkum Hörgársveitar þar sem fyrirhuguð er göngu- og/eða hjólaleið innan marka Hörgársveitar. Markmið skipulagsins er að allir stofnstígar innan þéttbýlis Akureyrarbæjar verði byggðir upp sem C gerð stofnstíga. En fyrst í stað á meðan uppbyggingin á sér stað liggur umferðin einnig um A og B gerð stofnstíga. Breyting á greinargerð bls. 51 Texta settur inn „Markmið skipulagsins er að allir stofnstígar innan þéttbýlis Akureyrar verði byggðir upp sem C gerð stofnstíga þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er aðskilin.“</p> <p>2. Tekið er undir þau sjónarmið athugasemdar og á bls. 53 í greinargerð tillögunnar kemur m.a. fram að við hönnun hjólástíga þarf að taka mið af sjónlínunum, hæðarmun, þverunum yfir gatnamót, beygjuradíusum, lýsingu, yfirborðsefnum og</p>
--	--	---

		<p>öryggissvæðum umhverfis stíganna. Á bls. 25 í greinargerðinni kemur einnig fram að æskilegt sé að sameiginlegur stígur hjólareiðafólks og gangandi vegfaranda uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til hjólastíga t.d. varðandi halla, beygjuradíusa og sjónlengdir.</p> <p>3. Leitast var við að hafa skilgreiningar á stígakerfinu sem einfaldastar og ákveðið var að setja ekki inn á skipulagsuppdrætti t.d. gönguskíða- eða fjallahjólaleiðir þar sem um afmarkaðar leiðir er að ræða en ekki net stíga. Þó getur verið rétt að endurskoða þessa ákvörðun síðar eftir því sem kerfið byggist upp. Á bls. 15 í greinargerð skipulagsins segir „Við útivistasvæðin eru fjallahjólabrautir en hvorki þær né skíðabrautir eru flokkaðar sem útivistarstígar.“ (Sjá einnig svar þrjú við athugasemd Umhverfisstofnunar).</p> <p>4. Stígakerfi Akureyrar er skipulagt með það markmiði að stofn- og tengileiðir séu greiðfærar allt árið og myndi samfelld, skilvirkt og öruggt stígakerfi sem sé raunhæfur og aðgengilegur valkostur fyrir íbúa á öllum aldri. Tillaga að Stígaskipulagi Akureyrar gerir ráð fyrir að hámarkshraði á hjólastígum verði 25 km/klst. Vísað er í svar við athugasemd Vegagerðarinnar nr. 9.</p>
--	--	---

<p>Léttir</p>	<p>Meðfylgjandi er mynd.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Óskað er eftir því að reiðvegur sem er á tillögu austan mótssvæðis Léttis verði skilgreindur sem stofnleið og komi strax á árinu 2021. 2. Vegur sem er sunnan reiðhalla verði settur inn á skipulagið sem reiðvegur. 3. Þegar nýr reiðvegur er lagður sem fylgir legu Hólasandslínu 3 að nýrri brú yfir Glerá, að gert verði ráð fyrir reiðfærum undirgöngum undir Súluveg. 4. Núverandi reiðvegur að reiðbrú yfir Glerá verði ekki tekinn af skipulagi heldur áfram skilgreindur sem blönduð leið þar sem hún tengist Miðhúsaklappaleið sem er gert ráð fyrir á skipulagi. 5. Lögð er áhersla á að Miðhúsaklappaleið komi sem allra fyrst að aðskilji þar með blandaða umferð. 6. Leiðin frá Naustaborgum að súluvegi sem skilgreind er sem reiðleið verði áfram skilgreindur sem reiðleið en geta fallist á að hún verði skilgreindur sem blönduð leið. 7. Leggja til að lega Hólasandsleiðar verði skilgreindur sem stofnreiðleið í gnum bæjarlandið þar sem hrossarekstrar eru leyfðir en reiðvegir og 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fallist er á athugasemd. Breyting er gerð á uppdráttum þannig að þessi hluti reiðstígsins er skilgreindur sem stofnleið í stað reiðstígsins sem er þar austan við. Athugasemd varðandi tímasetningu á uppbyggingu er hér með komið til skila og verður vísað áfram til umhverfis- og mannvirkjasviðs. 2. Ekki er fallist á athugasemd um að setja umræddan veg inn á skipulagið sem reiðstíg. 3. Þakkað er fyrir athugasemdina. Henni vísað áfram til Umhverfis- og mannvirkjasviðs þar sem skipulagstillagan fjallar ekki um útfærslur einstakra gatnamóta. 4. Ekki er fallist á athugasemdina þar sem eitt af markmiðum skipulagsins er að aðgreina reiðleiðir frá útivistarleiðum eins og kostur er þannig að þessir ólíku notendahópar ferðist sem minnst eftir sömu stígunum. Ný reiðleið er skipulögð við nýja reiðbrú yfir Glerá. 5. Athugasemd varðandi tímasetningu á uppbyggingu á þessari leið er hér með komið til skila og verður vísað áfram til umhverfis- og mannvirkjasviðs. 6. Engir stígar verða skilgreindir sem blandaðar leiðir því stefnt er að fullum aðskilnaði hestaumferðar frá annarri umferð
---------------	--	--

	<p>blandaðar leiðir verði einungis fyrir útreiðar án lausra hrossa. Með því er verið að færa þunga hestaumferðar frá íbúðabyggð sem og frá útivistarleiðum. Mikil áhersla er lögð á að stofnreiðleiðin frá Mýrarlóni að Brunná verði einungis skilgreind sem reiðleið.</p> <p>8. Núverandi reiðleið sem liggur meðfram golfvelli verði skilgreind sem blönduð leið.</p> <p>9. Með tilkomu nýrrar reiðleiðar ofan Breiðholtshverfis þarf að setja tengingu úr hverfinu og inn á veginn.</p>	<p>útivistarfólks. Á bls. 35 í greinargerð skipulagsins kemur fram hvernig skipulag þessarar leiðar er. Hún er skilgreind sem reiðleið en gert er ráð fyrir öðrum aðskildum stíg á sömu slóðum fyrir almenna umferð útivistarfólks.</p> <p>7. Ekki er fallist á að setja stofnleið reiðstíga vestan við Naustaborgir. Hins vegar er rétt að taka aftur fram að á reiðstígum er einungis gert ráð fyrir umferð hestamanna en ekki annars útivistarfólks enda er þeim ætlaðir aðrir stígar. Um stofnstíga segir í greinargerð tillögunnar á bls. 34 „Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis og á þeim má gera ráð fyrir öllum tegundum hestaumferðar allt frá einstaklingsumferð upp í hópa með rekstur lausra hrossa.</p> <p>8. Skipulagið gerir ráð fyrir að umrædd leið verði hluti af stofnleið reiðstíga í gegnum bæjarlandið. Hún verður einungis ætluð fyrir hestaumferð en ekki fyrir annað útivistarfólk.</p> <p>9. Fallist er á athugasemdina og tillögu að nýrri tengingu sunnan við Faxaborg og norðan við núverandi geymslu/rúllustæði.</p> <p>Breyting er gerð á uppdráttum í samræmi við athugasemd</p>
Umhverfisstofnun	<p>1. Stofnunin vekur athygli á mikilvægi þess að við skipulag og hönnun innan friðlýstra svæða sé</p>	<p>1. Stígaskipulagið leitast við að hafa í heiðri þau markmið og reglur sem gilda um friðlýsta fólkvanga bæjarins þar sem</p>

	<p>markaður skýr rammi í aðalskipulagi og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar hvers svæðis fyrir sig. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi í fólkvöngum Akureyrarbæjar sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.</p> <p>2. Grímsey - Hrísey. Umhverfisstofnun bendir á atriði er snerta eyjurnar en norðurhluti þeirra beggja er á náttúruminjaskrá. Stofnunin minnir einnig á atriði í náttúruverndarlögum sem ber að hafa í huga við skipulag stíga og uppbyggingu þeirra í Grímsey og Hrísey.</p> <p>3. Umhverfisstofnun vekur máls á mikilvægi þess að skilgreindar og merktar séu fjallahjólabrautir í sveitarfélaginu til að kom í veg fyrir rask á náttúru.</p> <p>4. Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í tillögunni hver skilyrði séu vegna umferðar vélknúinna ökutækja eins og mótorhjóla á útivistarstígum og reiðstígum. Að mati Umhverfisstofnunar getur orðið rask á</p>	<p>markmiðið er m.a. að vernda svæðin til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Öll mannvirkjagerð á svæðunum er háð leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar. Í auglýsingu fólkvanganna segir að bæjarstjórn, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, sjái um að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hinna friðlýstu svæðis svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.</p> <p>Í greinargerð skipulagsins verður gerð grein fyrir þessum atriðum undir kaflanum Útivistarstígar.</p> <p>2. Í þeim köflum skipulagsins þar sem fjallað er um Hrísey og Grímsey verður bætt við meiri umfjöllun verður um þau atriði sem stofnunin bendir á.</p> <p>3. Markmið stígaskipulagsins er að marka heildstæða framtíðarsýn varðandi samgöngustíga Akureyrarbæjar. Meginviðfangsefni þess eru stofnstígar og tengistígar en einnig er gerð grein fyrir öðrum stígum sem notaðir eru bæði til útivistar og fyrir samgöngur svo sem útivistar- og reiðstígar. Fjallahjólabrautir, skíðabrautir og aðrar afmarkaðar slóðir sem tengjast frekar íþróttum en samgöngum eru ekki hluti af</p>
--	---	--

	<p>útivistarstígum vegna vélknúinnar umferðar.</p>	<p>Þessu skipulagi þó vissulega sé full þörf á því að gera grein fyrir þeim á sérstökum útivistarkortum eins og hefur verið gert.</p> <p>4. Á bls. 30 í greinargerð tillögunnar segir um útivistarstíga að: „stígarnir henti fyrst og fremst göngufólki þó að hjólreiðar séu leyfðar“. Um fólkvangana í bæjarlandinu gilda sérstakar reglur. Í Krossanesborgum eru öll umferð vélknúinna faratækja óheimil nema vegna verkefna á vegum Akureyrarbæjar. Í fólkvangnum í Glerárdal er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega innan marka fólkvangsins. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi sem ekki skapist hætta á náttúruspjöllum.</p> <p>Tekið er undir athugasemd Umhverfisstofnunar að gera betur grein fyrir hvaða umferð er leyfð á almennum útivistarstígum utan fólkvangana.</p> <p>Eftirfarandi texta verður bætt við á bls. 30 í greinargerð tillögunnar.</p> <p>„Á útivistarstígum gilda sömu reglur og um reiðhjól á almennum stígum í þéttbýli. Bæjarstjórn getur þó sett strangari reglur um einstök svæði.“</p>
--	--	--

Athugasemdir

Nafn	Athugasemd	Svar við athugasemd
------	------------	---------------------

<p>Sævar Þór Halldórsson</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Gerir athugasemd við að fækka eigi stofnstígum nema að tengistígar yrðu lagaðir, bílastæði í enda á götum bönnuð og gerð að stígum og að sumar götur gerðar að einstefnu fyrir bíla en bætt við tvöföldum stígum. 2. Leið bak við flugvöll á mynd H dettur út en birtist aftur á mynd 31. 3. Stofnstígar einungis skipulagðir við umferðarmiklar götur og því hjólreiðarfolk sífellt í mengun. 4. Annar flott plagg og vonast eftir því að sjá að stígar hætti ekki allt í einu og birtist síðan aftur. 5. Verður gaman að sjá hvernig stofnstígurinn við gatnamótin Mýrarveg/Þingvallastræti verður tæklaður. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tillagan gerir ráð fyrir að tengistígar fái mikla þjónustu og verði greiðfærir allt árið líkt og stofnstígar. Ekki er tekin afstaða í skipulaginu varðandi breytingar á umferðarskipulagi bifreiða í húsagötum eða bílastæðum við enda þeirra gatna. 2. Græn lína sem táknar útivistarstíg hefur fallið á bak við línu sem táknar reiðstíg á mynd H á bls. 17 í greinargerð skipulagsins. Breyting er gerð á mynd H á bls. 17 þannig að útivistarstígur verður sýndur við hlið reiðstígs. 3. 4. Skipulagið gerir ráð fyrir að stofnstígar liggja með öruggum hætti milli helstu áfangastaða, sem næst íbúðarsvæðum, verslunum og stofnunum. Á skipulagsuppráttum eru stígarnir því sýndir liggja nærri helstu umferðaræðum bæjarins en engu að síður er markmið skipulagsins að draga þá eins langt frá götum eins og kostur m.a. til að forðast mengun en án þess þó að auka ferðatímann. 5. Þar sem stofnstígar liggja yfir umferðargötur þar að huga sérstaklega vel að hönnun gatnamótana m.a. með það í huga að umferð á hjólastígum verði tryggð örugg leið yfir göturnar. Hönnunin þarf að byggjast á þeim kröfum sem gerðar
------------------------------	---	---

		eru til tvístefnuhjólástíga og gatnamóta.
Ingvar Þóroddsson	Gerir athugasemd við að breyting á reiðleið verði fest á skipulagi þar sem leiðin þverar útivistarstíg. Skapar hættu þar sem útivistarstígurinn kemur niður brekku. Færa þarf þverunina 50-75 metra til norðurs. Óskar eftir svari við spurningu sem hefur spurt áður en ekki fengið svar við: hvort framkvæma megi á heimildar í skipulagi og breyta því svo.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tekið er undir athugasemd um að auka þurfi öryggi þar sem reiðstígar og útivistarstígar mætast. Á bls. 30 í greinargerð segir að æskilegt sé að setja upp viðvörðun með skiltum áður en komið er að slíkum gatnamótum. 2. Í einhverjum tilfellum getur verið að mannvirkjagerð sé ætluð sem bráðabirgðarframkvæmd sem síðar er ákveðið að verði varanleg.
Skógræktarfélag Eyfirðinga	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ánægjulegt að sjá stofnleið fyrir gangandi og hjólandi meðfram Kjarnabraut, þar er þörf á aðskilnaði frá bílaumferð sérstaklega vegna hjólaumferð barna. 2. Fagna aðskilnaði reiðleiða frá útivistarstígum og eru fylgjandi því að reiðleið sem kynnt er á skipulagsdrögum verði á þeim stað sem er sýnt á korti á mörkum skipulagssvæða. 3. Vara við þeirri hugmynd sem hefur komið fram að leggja stofnleið gegnum Naustaborgir vestan Hundatjarnar. Girðingar sem myndu fylgja slíkri leið myndu torvelda öðrum útivistarhópum nýtingu svæðisins. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Þakkað er fyrir athugasemd 2. Umrædd stofnleið er skv. núgildandi aðalskipulagi og niðurstaðan sú að halda henni áfram inni. Þó er gert ráð fyrir samliggjandi en aðskilinni leið fyrir annað útivistarfólk. Ekki má setja upp girðingar meðfram þessari hestaleið sem torveldar umferð útivistarfólks og nýtingu svæðisins.
Hamrar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Reiðstígur sem sýndur er á tillögu virðist liggja að hluta til innan marka deiliskipulags Hamra, verði stígurinn alfarið 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Eins og fram kemur í athugasemd er lega stíga á uppdráttum aðeins sýnd á leiðbeinandi hátt. Gert er ráð fyrir reiðstíg á mörkum

	<p>utan þess svæðis vegna starfseminnar á Hömrum.</p> <p>2. Sýndur er útivistarstígur frá Hamraborgum að Hömrum. Að hluta til er gert ráð fyrir að stígurinn verði lagður þvert yfir tjaldflatir. Sami stígur er sýndur á tillögu í vegstæði nýs vegar að tjaldsvæðinu.</p>	<p>tjaldsvæðis og fyrirhugaðs kirkjugarðs og verður nákvæmlega leiðstígsins ákveðin við deiliskipulagsgerð.</p> <p>2. Þó að lega stíga sé einungis sýnd með leiðbeinandi hætti á uppdrætti er sjálfsagt að færa skipulagslínur þannig til að þær valda ekki misskilningi. Uppdrættir verða uppfærðir í samræmi við þau atriði sem koma fram í athugasemd.</p> <p>Breyting er gerð á uppdráttum í samræmi við athugasemd þannig að stígur verður færður á jaðar tjaldflata.</p>
<p>Margrét Björgvinsdóttir</p>	<p>1. Á bls 18 og 19 eru tengistígar ekki sýndir á þéttbýlisuppdrætti.</p> <p>2. Gangstétt þarf að vera beggja vegna Mýrarvegjar frá Skógarlundi að Þingvallastræti. – bls 8 um að tryggðar verði samfelldar leiðir.</p> <p>3. Tölvupóstur frá 2019 sem hún sendi varðandi leiðina við hitaveituna í Þórunnarstrætis vegna leiða sem lokuðust vegna hárra snjóruðninga þar sem óskað er eftir að svæðið lokist ekki vegna snjóruðninga.</p>	<p>1. Á bls. 18 í greinargerð tillögunnar er texti sem segir til um flokkun stíga og einkenni hvers flokks. Á bls. 19 eru tengistígar sýndir sem ljósbláar línur. Almennir stígar (almennar gangstéttir) eru ekki sýndir.</p> <p>2. Stígaskipulagið gerir ráð fyrir tengistíg frá Kaupangi og suður með austurhlið Mýrarvegjar að Mímisbraut. Ekki er tekin afstaða til almennra stíga í þessu skipulagi en eins og bent er á í athugasemd þá vantar stíg meðfram vesturhlið Mýrarvegjar. Gangstétt endar í dag við Skógarlund en í deiliskipulagi Dalsbrautar er gert ráð fyrir að sá stígur haldi áfram í norður í átt til Kaupangs. Í deiliskipulagi Dalsbrautar segir „Meðfram Mýrarvegi vestanverðum er gert ráð fyrir göngustíg frá</p>

		<p>Skógarlundi og áfram til norðurs meðfram lóðarmörkum lóða við Birkilund. Stígurinn mun síðan þvera Einilund með gangbraut og liggja áfram til norðurs meðfram lóðarmörkum við Einilund 1.</p> <p>3. Athugasemd er hér með komið til skila og verður vísað áfram til umhverfis- og mannvirkjasviðs sem mun svara henni.</p>
Hafdís Jónsdóttir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Enginn stígur liggur meðfram miðhúsavegi. Á gildandi skipulagi er sýnd útivistarleið en á tillögu hefur hún verið fjarlægð. 2. Gangstígurinn endar við Mjólkursamlagið og ekki einu sinni gangbraut til þess að fara yfir Miðhúsabraut. Þarna fer fjöldi fólks um. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ekki á að fella út neinar útivistarleiðir nærri Miðhúsavegi frá því sem er í gildandi aðalskipulagi. 2. Uppdrættir á bls. 17, 19 og 21 verða þannig uppfærðir að betri grein verði gerð fyrir tengistíg sem ætlað er að tryggja örugga leið yfir Súlnaveg / Miðhúsabraut. Breyting er gerð á uppdráttum í samræmi við athugasemd þannig að betri grein verði gerð fyrir öruggri leið tengistígs yfir.